



Verkafólk í fataiðnaði í Asíu:
Aðstæður og utanaðkomandi afskipti

Saga Fenger Þórðardóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði

Félags- og mannvísindadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Verkafólk í fataiðnaði í Asíu:
Aðstæður og utanaðkomandi afskipti

Saga Fenger Þórðardóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði
Leiðbeinandi: Ása Guðný Ásgeirsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Saga Fenger Þórðardóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Eins og heimurinn er í dag er erfitt að greina á milli þess hnattræna og þess staðbundna. Línan þar á milli er þunn, samfélög breytast og stuðla að hnattvæðingu en á sama tíma er hnattvæðingin þess valdandi að samfélög breytast. Í vestrænum löndum þar sem velmegun ríkir má kaupa ódýr föt sem hafa verið búin til í fátæku löndum Asíu. Asía sér um nánast alla framleiðslu og útflutning á fatnaði í heiminum. Ástæða þess er að fataframleiðsla þar er mun ódýrari en í öðrum heimsálfum. Verkaþólk í fataiðnaði í Asíu sér um að sauma og gera fullunnar vörur. Þessi vinna er erfið og krefst oft langra vinnudaga. Ungar og ókvæntar konur þykja ákjósanlegar í starfið og eru meirihluti verkaþólks. Ungu konurnar fara til vinnu í verksmiðjum sem eru í eigu alþjóðlegra fyrirtækja. Fyrir vinnu sína fá þær léleg laun auk þess sem vinnan getur reynt verulega bæði á líkamlega og andlega heilsu þeirra. Vinnuveitendurnir fara ekki eftir neinum vinnuviðmiðum til að gæta velferðar þeirra. Baráttuhreyfingar og frjáls félagssamtök vinna að því að aðstoða verkaþólk fataframleiðslunnar í að taka þátt í eigin baráttu um betri vinnuaðstæður. Sumir, líkt og ýmsir hagfræðingar, telja þó að ekki sé þörf á slíkum utanaðkomandi afskiptum. Þeir sjá verksmiðjustörfin sem atvinnutækifæri fyrir fátæka íbúa Asíu og hvetja til þess að þeim sé fjölgað.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
1. Inngangur.....	6
2. Hnattvæðing og hnattrænn markaður	8
3. Fataframleiðsla í Asíu.....	11
4. Verkakonur í fataiðnaði	16
5. Hnattræn aðstoð.....	20
5.1 Alþjóðlega vinnumálastofnunin	20
5.2 Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækis: Siðareglur og úttektir.	21
5.3 Hjálparsamtök	23
6. Utanaðkomandi afskipti – Andstæð sjónarhorn	28
7. Lokaorð og umræður	32
Heimildaskrá.....	35

1. Inngangur

Hugmyndin að þessari ritgerð kviknaði í kjölfar þess að ég rakst á Facebook-síðu þar sem nokkrar ungar íslenskar konur voru að selja ný föt á netinu, föt sem þær fluttu sjálfar inn frá Asíu. Af myndunum að dæma voru fötin öll keimlík og verðið á þeim svipað því sem gerist í fatabúðum á Íslandi. Ég gekk út frá því að framtak stelpnanna stjórnaðist af von um hagnað, því alþekkt er að föt sem eiga uppruna sinn í Asíu séu ódýr. Ég ákvað að kanna málið og skoða gróðann sem vænta mátti að þær fengju af þessari iðju sinni. Ég hóf leit á netinu og fann nokkrar asískar heildsölur sem seldu nákvæmlega eins föt og konurnar voru að selja á Facebook. Hjá asísku heildsölnni fóru flíkurnar yfirleitt ekki yfir fimm evrur eða sem nemur um 800 íslenskum krónum. Mér fannst það mjög lágt verð og pantaði nokkrar flíkur sjálf frá einni heildsölnni og borgaði uppsett verð auk flutningskostnaðar. Þegar pakkinn minn frá Asíu loks kom voru fötin allt öðruvísi en þau voru á myndunum auk þess sem gæðin voru léleg. Ég fylltist gremju í garð auglýsenda og söluaðila. Mér fannst ég hafa verið svikin, en önnur tilfinning gerði einnig vart við sig, sektarkennd sem leiddi hugann að þeim sem vinna verkin. Ég fór að velta fyrir mér lífi verkafólksins sem fjöldaframleiðir slíkar vörur fyrir laun sem geta varla verið há ef haft er í huga lágt söluverðið. Ég velti fyrir mér af hverju fataframleiðsla væri staðsett í Asíu og hvernig henni væri háttað. Einnig komu upp í hugann spurningar um hvernig tengsl utanaðkomandi fjárfesta væru við framleiðsluaðila í Asíu og hvernig lífi verkafólks í framleiðslunni væri háttað innan verksmiðjunnar. Er ég fór að kanna málið komst ég að því að mikið hefur verið rannsakað og skrifað um fataiðnað Asíu, bæði með tilliti til sögunnar, út frá verkafólki sem starfar innan iðnaðarins og frá hagfræðilegu sjónarmiði.

Meðal þess sem ég varð vísari er að fataframleiðsla heimsins fer að mestu leyti fram í verksmiðjum fátækustu landa Asíu. Þessi lönd eru staðsett í suður- og suðaustur hluta heimsálfunnar (Gereffi, 2002). Alþjóðleg fyrirtæki eiga þessar verksmiðjur og hafa umsjón með þeim (Skoggard, 1998). Fataframleiðsla er erfiðisvinna sem er í höndum verkafólks og leiðir hún oft til ýmissa líkamlegra og andlegra kvilla (Calvin og Joseph, 2006; Begum, Ali, Hossain og Shahid, 2010). Stór hluti verkafólksins eru konur (Jamaly og Wickramanayake, 1996).

Þessi ritgerð fjallar um eðli fataiðnaðar í Asíu og verkafólk iðnaðarins og er ætlað að svara tveimur rannsóknarspurningum: (1) Hvernig eru vinnuaðstæður verkafólks í fataiðnaði Asíu? (2) Með hvaða aðferðum er hægt að betrubæta þær aðstæður?

Ritgerðin samanstendur af fimm köflum. Þar sem umrædd fataframleiðsla tengist hnattrænum markaði verður fjallað um hnattvæðingarhugtakið í öðrum kafla ritgerðarinnar og ólíkar skilgreiningar á hugtakinu bornar saman. Í þriðja kafla verður fataframleiðsla í Asíu lýst, sögu hennar og tengslum við aðra heimshluta. Í fjórða kafla er komið inn á verkafólkið sem framleiðir fötin, en sem fyrr segir eru konur þar í meirihluta. Skoðað verður í hverju vinna verkakvennanna í verksmiðjunum felst, vinnuaðstæður þeirra og mismunandi persónulega hvata fyrir að stunda vinnu þar. Fimmti kaflinn fjallar um hvað hægt sé að gera til að bæta vinnuaðstæður kvennanna. Í sjötta kafla ritgerðarinnar verða sjónarmið þeirra sem telja að engin utanaðkomandi öfl skuli skipta sér að aðstæðum verkafólks í Asíu útskýrð. Í síðasta kaflanum, þeim sjöunda, verður efnið dregið saman og rætt í ljósi spurninganna sem leiða verkefnið.

2. Hnattvæðing og hnattrænn markaður

„Hnattvæðing“ (e. globalization) er flókið hugtak með mismunandi víddir. Þessar víddir tengjast meðal annars samskiptatækni, vistfræði, efnahag, vinnuskipulagi, menningu og samfélagi (Beck, 2002). Skilgreining hnattvæðingar er því breytileg eftir því hvaða vídd er horft til (Dicken, 2007). Í sínum víðtækasta skilningi felst hins vegar í hnattvæðingu sú staðreynd að lítil áhersla er lögð á landamæri; að gervallur heimurinn er einn allsherjar leikvöllur, án afmarkana. Vegna lítillar eða jafnvel engrar áherslu á landamæri ferðast afurðir, svo sem vörur, peningar, tækni og upplýsingar óhindrað milli landa og heimsálfa (Beck, 2002).

Mannfræðin fjallar um mannskepnuna út frá þáttum sem útskýra hegðun hennar, snerta líffræði hennar, hugsun og tilfinningar. Starf mannfræðinga snýst um að skilja manninn út frá umhverfi hans og atferli í samhengi við þau viðfangsefni sem hann fæst við (Haviland, Prins, Walrath og McBride, 2008). Mannfræðingar benda á að til að hægt sé að skilja hnattvæðingu sé nauðsynlegt að finna milliveg á milli tveggja sjónarhorna. Annars vegar sýnar sem endurspeglar hugsun um jörð sem skiptist í heimsálfur og lönd og hins vegar sýnar um jörð sem er ein heild, án landamæra (Kristín Loftsdóttir, 2004). Þennan milliveg þarf að finna vegna þess að línan milli þess staðbundna og hnattræna er orðin óskýr og sífellt erfiðara að greina þar á milli. Hið staðbundna (samfélag) er undir miklum áhrifum hnattrænna ferla, og í dag tengir fólk ekki sjálfsmynd sína við einn ákveðinn stað vegna þess að margir hafa fleira en eitt heimaland og eru af blönduðum kynstofni (Haugerud, 2003). Menning staða tekur hraðar breytingum nú en áður vegna ýmissa atburða sögunnar svo sem aukinnar hnattvæðingar. Því er menning síður afmörkuð eða staðbundin í dag en áður. Mismunandi samfélög taka þátt í hnattvæðingu og birtist hnattræn menning á ólíkan hátt innan þeirra. Ýmis söguleg ferli tengja samfélögin saman (Haugerud, 2003). Breytingar á því staðbundna eru nauðsynlegar í hnattvæðingunni til að opna fyrir utanaðkomandi öfl svo sem fjármagn og nýja markaði. En breytingar verða einnig á öðrum stað með því að nýjar og ódýrari vörur flæða inn á markaðina og kalla eftir meiri verslun og ef til vill annars konar vöru. Þannig hafa samfélög áhrif hvert á annað og ákveðin víxlverkun á sér stað. Það er því ekki hægt að spá fyrir um breytingar í ákveðnu samfélagi út frá hnattvæðingu heldur eru það breytingar samfélaga sem hafa áhrif á hnattræn ferli (Haugerud, 2003).

Efnahagsleg vídd hnattvæðingar er umtöluðust allra vídda enda þeirra umdeildust (Beck, 2002). Hin efnahagslega vídd snýst um flæði eða streymi vara, peninga og upplýsinga um heiminn. Þessir ólíku straumar tengjast saman í ferla sem viðhalda hnattrænum markaði (Keohane og Nye, 2000). Hnattrænn markaður samanstendur af tengslanetum í viðskiptum þar sem framleiðandi vörunnar á einum stað tengist neytendum hennar á öðrum stað (McMichael, 2008). Í hverju tengslaneti fyrir sig dreifast ákveðin ferli vörunnar á mismunandi lönd. Fátækari lönd heims sjá um vinnuna bak við framleiðslu vörunnar á meðan rík lönd vestursins sjá um hönnunina. Saman myndar verkafólk og hráefni ákveðið tengslanet eða framleiðsluferli vörunnar. Innan félagsfræðinnar eru þessi tengslanet oftast nefnd vörukeðjur. Þannig mætti neytendum vera ljóst að vörukeðjur gera þá að þátttakendum í hnattrænu ferli og tengja þá við ýmsa staði, fólk og efnivið um allan heim (McMichael, 2008). Maður að nafni Gary Gereffi (vitnað til í Sturgeon, 2008) kom fyrstur fram með hugtakið vörukeðjur og skipti þeim í tvær gerðir sem ýmist voru drifnar áfram af neytendum eða framleiðendum. Neytendadrifnar vörukeðjur stjórna af eftirspurn neytenda eftir vörunni og tengjast oftast iðnaði þar sem vinnan er erfið og mikil, líkt og er í fataiðnaðinum. Vörukeðjur sem drifnar eru af framleiðendum snúast um tækniþróun eins og í raftækja- og bílaiðnaðinum. Þar stjórna framleiðendur tilurð eigin vöru þar sem ný og betri tækni kallar eftir endurnýjun tækja hjá neytendum (Sturgeon, 2008). Einn hluti neytendadrifinnar vörukeðju eru alþjóðleg fyrirtæki. Eigendur þessara fyrirtækja velja þeim stað í fatækari löndum heims, því þar hefur fólk öðruvísi kröfur til lífsgæða og launa en í heimalandi fyrirtækjanna (Skoggard, 1998).

Dicken (2007) vill meina að viðhorf fólks til hnattvæðingar mótist af því hvernig það skilgreinir hugtakið. Hann telur almenning annað hvort vera hlynntan eða andvígán hnattvæðingu. Þeir sem eru fylgjandi hnattvæðingu telja hana hagræna, það er að hún bjóði upp á efnahagsleg tækifæri, lýðræði og menningarlegan fjölbreytileika. Fyrir suma þeirra er hnattvæðing eðlilegt framhald af nútímavæðingu (e. modernisation), það er tákn framfara, aukins fjármagns, frelsis og hamingju. Þeir telja frjálstan markað vera lykil að efnahagslegri og pólitískri velgengni íbúa jarðar. Með afskiptaleysi gagnvart því sem er að gerast á hnattrænum mörkuðum er fólk að stuðla að eigin valdi og gróða (Stiglitz, 2002; Dicken, 2007). Gagnrýnendur hnattvæðingar telja hugtakið ná yfir kapítalisma (e. capitalism) og heimsvaldastefnu (e. Imperialism) og líta á fyrirbærið með varúð; að henni fylgi yfirráð ríkari þjóða

heims yfir þeim fátæku og vanþróaðri. Þeir telja að markaðshyggjan sé helsti galli hnattvæðingar, að hún sé orsök þess ójafnréttis sem ríki meðal íbúa jarðar (Dicken, 2007).

Hugtakið „hnattvæðing“ er alls ekki nýtt af nálinni heldur má rekja uppruna þess til hugmynda heimspekingsins, hagfræðingsins og stjórnmalaspekingsins Karl Marx (vitnað til í Graeber, 2006). Hnattvædd framleiðsluferli í dag eiga rætur sínar að rekja til hugmynda Marx. Hann kom fyrstur manna fram með hugtakið „modes of production“ eða framleiðsluhátt. Framleiðslan er afurð af samspili tveggja þátta, þess sem drífur hana áfram „forces of production“ sem hér er þýtt sem drifkraftur framleiðslunnar og „relations of production“, tengiliðir framleiðslunnar. Hið fyrra á við um gæði landsvæðis, tækniþekkingu, vinnutæki, þætti sem koma að framleiðslunni sjálfri. Hið síðara er samband milli tveggja stétta, verkafólks í framleiðslustörfum og þeirra sem misnota sér framleiðslu þeirra. Samband þeirra byggist á misnotkun vegna þess að síðarnefnda stéttin vinnur ekki heldur lifir á umframframleiðslu þeirrar fyrri (Graeber, 2006).

Til að draga saman það sem fjallað hefur verið um í kaflanum má segja að hnattvæðing sé margvitt hugtak sem í grunninn lýsi þó því að minni áhersla er lögð á landamæri nú en áður fyrr. Það er þess valdandi að sífellt sé erfiðara að greina á milli þess staðbundna og hnattræna. Ein vídd hnattvæðingar lýtur að menningu og samfélögum og útskýrir hún hvernig tengsl myndast út frá fólki, stöðum og menningu. Menning og samfélög fólks eru sífellt að breytast og af þeim sökum eru skilin á milli samfélaga sífellt óskýrari og virðast oft renna saman í eitt allsherjarsamfélag. Efnahagsleg vídd er önnur vídd hnattvæðingar sem útskýrir fyrrnefnd tengsl út frá vöruheðjum, það er hvernig hnattræn ferli eins og framleiðsla tengir neytendur við ýmsa staði, fólk og efni á bak við þá vöru sem þeir neyta. Þó þessar vöruheðjur tengi aðila heimshorna á milli þýðir það aftur á móti ekki að allir þátttakendur njóti sömu réttinda. Marx var einn af frumkvöðlum sem útskýrðu mismununina sem á sér stað í framleiðslu og gerði það út frá ræktun. Hann talaði um tvær stéttir fólks, sú fyrri vinni baki brotnu til að eiga í sig og sína en sú síðari vinni ekkert heldur lifi á framleiðslu þeirrar fyrri. Samband verkafólks og alþjóðlegra fyrirtækja í fataframleiðslu Asíu verður að einhverju leyti að teljast svipa til dæmis Marx, en nánar verður fjallað um þetta samband í næsta kafla auk þess sem farið verður yfir sögu fataiðnaðarins í Asíu.

3. Fataframleiðsla í Asíu

Eins og kom fram í kaflanum á undan er hnattrænn markaður til vegna ólíkra vörukeðja sem ýmist eru drifnar áfram af neytendum eða framleiðendum (Gereffi, 2002). Aðilar markaðarins svo sem heildsalar og stór alþjóðleg fyrirtæki með tilgreind vörumerki sjá um allt sem tengist vörunni, fyrir utan sjálfa framleiðsluna. Þau panta vöruna, ákveða hvernig hún skuli líta út og hvar í heiminum hún skuli framleidd. Vörukeðjur sem eru drifnar áfram af neytendum einkennast af mikilli samkeppni fyrirtækja. Fólk á auðvelt með að fá vinnu í verksmiðjum þeirra þar sem sífellt er verið að ráða og reka vinnufólk. Slíkar vörukeðjur framleiða föt, skó, leikföng og raftæki og er vinnan þar oft mikil og erfið (Gereffi, 2002). Textíll og föt eru helstu útflutningsvörur í heiminum í dag og var samanlagt virði textíl- og fataiðnaðarins í heiminum árið 2007 rúmlega sex hundruð milljarðar bandarískra dollara. Útflutningur á þessum vörum jókst um 6,1% á hverju ári frá 1990-2007, sem þykir afar mikið miðað við aðrar vörur (Morris og Barnes, 2008). Þjóðir sem vilja hefja iðnað byrja oft innan fataiðnaðarins og flytja síðan út eigin vörur. Þessi iðnaður á stóran þátt í auknum gróða landa Asíu (Gereffi, 2002).

Upp úr miðri síðustu öld óx textíl- og fataiðnaður Asíu hratt vegna þess að Hong Kong, Singapúr, Suður-Kórea og Taívan hófu útflutning á ódýrum fötum og varð það helsta tekjulind þeirra á árunum 1950-80. Þessi fjögur lönd hafa verið kölluð „Tígrarnir fjórir“ og talin vera hin nýiðnvæddu lönd Asíu (Whalley, 2006). Ekki eru allir sammála um ástæðu iðnvæðingar Tígranna fjögurra í Asíu. Dixon og Drakakis-Smith (1993) segja ástæðuna fyrir henni vera afskiptaleysi ríkisstjórna af mörkuðum. Það eina sem ríkið gerði var að skapa umhverfi sem var eftirsóknarvert fyrir alþjóðleg fyrirtæki og ýtti undir að þau settu upp verksmiðjur sínar þar. Krugman (1997) er á öðru máli, samkvæmt honum urðu þessi lönd Asíu iðnvædd með því að samnýta auðlindir sínar, það er fjármuni og verkafólk. Enn aðrir halda því fram að engin ein ástæða sé fyrir árangri þessara ríkja heldur séu ástæður fyrir árangri hvers þeirra ólíkar. Það sem þau eigi þó sameiginlegt er að öll voru þau nýlendur Evrópuþjóða (Dixon og Drakakis-Smith, 1993). Á meðan efnahagur nýiðnvæddu landanna styrktist og tækni við framleiðslu innan iðnaðarins óx sífellt, hófu lönd Suðaustur- og Suður-Asíu, líkt og Bangladess og Indónesía, vanþróuðustu lönd Asíu, framleiðslu á textíl og fötum (Whalley, 2006).

Textíl- og fataiðnaður heimsins hefur þó ekki alltaf verið staðsettur í Austur-Asíu. Framleiðslan hefur sífellt verið að færast úr einu landi í annað frá því um 1950. Fyrst færðist hún frá Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu til Japans á árunum 1950 til 1960. Þá hvarf vestræn textíl- og fataframleiðsla og við tók japönsk framleiðsla og útflutningur á fötum. Því næst færðist fataframleiðslan frá Japan til nýiðnvæddra landa Asíu og var mesta fataframleiðsla heims þaðan á milli árunum 1970 og 1980. Síðast færðist framleiðslan frá stórum framleiðendum Asíu til vanþróaðri landa heimsálfunnar. Ástæðan fyrir því að framleiðslan færðist svo ört úr einu landi í annað var sú að alþjóðlegu fyrirtækin, eigendur verksmiðjanna, vildu koma erfiðustu vinnu vöruheðjunnar fyrir í löndum þar sem vinnuvernd var lítil eða engin og launin lægst sem aftur leiðir til þess að fjárhagslegur hagnaður af vörunni verður sem mestur (Gereffi, 2002).

Til að skilja erfiðið sem felst í vinnu verkafólks í fataiðnaði er nauðsynlegt að skilja ferli framleiðslunnar. Þrenns konar hrár efniviður er einkum notaður í fataframleiðslu: bómull, ull og gerviefni þó að stundum séu fínir eins og silki einnig notuð. Þessi efniviður er grunnurinn að iðnaðinum. Í byrjun er hann aðeins þræðir og þegar ákveðið hefur verið hvers konar þræði skuli nota í framleiðsluna fer tiltekið ferli í gang. Fyrst er spunnið úr þráðunum og síðan er ofið úr þeim efni. Þessi hluti framleiðslunnar krefst stórra og dýrra véla og er því eingöngu á færi stórra samsteypuvirkja í löndum þar sem efnahagskerfið er stöðugt. Efnin eru svo send til lágláunalanda Asíu til frekari vinnslu. Hönnun vörunnar er næsta skref en hún er í höndum verktaka alþjóðlegu fyrirtækjanna, þar á bæ ákveða menn hvernig varan skuli líta út. Því næst sér verkafólk um að sauma, lita og fínþússa vöruna þar til hún er tilbúin til útflutnings. Öll vinna verkafólksins hefur áhrif á gæði og endanlegt verð vörunnar. Þessi vinna er nær öll unnin standandi og eru fætur verkafólksins því oft bólgnir og í slæmu ástandi. Auk þess þjáist verkafólkið oft af höfuðverk vegna loftleysis innan verksmiðjanna (Whalley, 2006; Gereffi, 2002; Begum, Ali, Hossain og Shahid, 2010).

Í Asíu er framleiðsla á fötum tvenns konar. Annars vegar er svokölluð OEM (e. original equipment manufacturing) aðferð þar sem alþjóðleg fyrirtæki ráða hönnun og hvert varan dreifist, en asískir verkamenn í fataiðnaði búa til vöruna frá grunni, sem þýðir öll ferli frá spuna á þráðum til lokasamsetningu flíka eins og fram hefur komið. Hins vegar svokölluð OBM (e. original brand manufacturing) aðferð, þar sem asískt

fyrirtæki hefur sitt eigið merki og eigin hönnun og framleiðir vöruna í verksmiðjum sínum frá grunni. Tígrarnir fjórir í Asíu breyttu framleiðslu sinni á árunum 1970 til 80 úr því að fá tilbúin efni annars staðar frá og gera föt úr þeim efnum í það að gera fötin frá grunni (OEM), það er að búa einnig til efnin eða textílinn sjálfir. Í framhaldi af þessu hófu nokkur fyrirtæki innan ríkja Tígranna fjögurra framleiðslu á eigin vörumerkjum (OBM). Þessar vörur seldu þeir til annarra landa (Gereffi, 2002; Ramasamy og Gereffi, 1998).

Allt fram til upphafs tuttugustu aldarinnar voru Hong Kong, Ítalía, Suður-Kórea og Taívan helstu útflutningslönd fatnaðar. Í byrjun 1990 tók Kína hins vegar forystuna sem aðalútflutningsland fatnaðar og árið 1995 var útflutningur frá Kína og Hong Kong 21,1% af heildarútflutningi fatnaðar í heiminum (Ramasamy og Gereffi, 1998). Í byrjun 21. aldarinnar var láglaunavinnuafli í Kína það fjölmennasta í heiminum. Vinnufólk í einu úthverfi í Kína var fjölmennara en samanlagt vinnuafli í Japan og öllum iðnvæddum löndum Austur-Asíu (Zhang og Hathcote, 2008). Tígrarnir fjórir, það er að segja Hong Kong, Singapúr, Suður-Kórea og Taívan, notuðu svokallaða þríhyrningsaðferð til að keppa við láglaunalönd líkt og Kína um forystu í útflutningsiðnaði heimsins. Aðferðin er á þá leið að Bandaríkin (eða aðrir vestrænir kaupendur) leggja inn pöntun hjá einu hinna nýiðnvæddu ríkja, sennilegast einhverju ríki sem þau hafa stundað viðskipti við áður. Það ríki áframsendir pöntunina, í stað þess að framleiða vörurnar sjálfir í eigin landi, til landa Asíu sem eru vanþróaðri og þar sem kostar minna að framleiða hana, eins og til dæmis Bangladess (Zhang og Hathcote, 2008). Þetta kerfi þróuðu framleiðendur í Austur-Asíu til þess að láglaunabjóðir heimsálfunnar myndu halda áfram að setja saman föt úr aðfluttum efnum. Á meðan einbeittu nýiðnvæddu löndin sér að framleiðslu á fullunninni vöru og fengu þannig forskot innan framleiðsluiðnaðarins.

Þetta fyrirkomulag, að hafa framleiðslu í löndum þar sem lægst eru launin hverju sinni, hefur verið kallað kapphlaupið að botninum (e. race to the bottom). Diamond (2003) lýsir þessu kapphlaupi sem samstarfsverkefni alþjóðlegra fyrirtækja og ríkisstjórna þróunarlanda í þeim tilgangi að leiða saman ódýrt vinnuafli og afkastamiklar verksmiðjur. Kapphlaupið felst í því að alþjóðlegu fyrirtækin staðsetja verksmiðjur sínar í láglaunalöndum Asíu, því þar geta þau haldið launum verkafólksins lágum. Þannig staðsetja fyrirtækin ekki aðeins verksmiðjur sínar í láglauna löndum vegna gróðans heldur einnig vegna þess að þau hafa valdið til þess

að stjórna lágu laununum. Annað sem einkennir kapphlaupið er að fólk vinnur meira en það gerði áður og nú fyrir lægri laun. Minnsti hluti hagnaðar af vörunni fer því til verkafólksins sem framleiðir vöruna en algengt er að laun þeirra séu um eitt prósent (1%) eða minna af söluverði vörunnar (Diamond, 2003 og Harney, 2008). Langstærsti hluti hagnaðarinn fer til söluaðila. Bruce Rockowitz, sem er yfirmaður viðskiptadeildar Li & Fung, fyrirtækis sem sér um framleiðslu og vörustjórnun í Kína, hefur sett fram kenningu sem nefnist hinir „mjúku“ þrír dollarar. Þar segir að ef eitthvað er framleitt á einn dollara í Kína er það selt á fjóra dollara annars staðar í heiminum (Harney, 2008).

Til að sporna við misnotkun á láglæna verkafólki í vanþróuðum löndum Asíu og annars staðar í heiminum var settur upp ákveðinn kvóti 1973, svokallaður MFA (e. multi fibre agreement) kvóti. Honum var ætlað að koma reglu á útflutning fátækari landa til þeirra ríkari. Tígrarnir fjórir í Asíu voru ekki sáttir við þann samdrátt sem þeim var ætlaður í útflutning á ódýrum fötum og leituðu að löndum þar sem enginn kvóti var á útflutningi, jafnframt því að þar væru launin lág (Kabeer, 2000). Reglugerðir kvótans náðu ekki til Bangladess á þessum tíma vegna þess að útflutningur þaðan var lítill. Bangladess varð því fyrir valinu sem framleiðslu- og útflutningsland Tígranna (Kabeer, 2000; Mottaleb og Sonobe, 2011). Fyrsti tígurinn til að færa framleiðslu sína til Bangladess var Suður-Kórea. Fataframleiðslufyrirtæki þar í landi að nafni Daewoo Corporations varð fyrir miklum skakkaföllum þegar MFA-kvótanum var komið á. Af þeim sökum ákváðu eigendur þess árið 1979 að stofna útibú í Bangladess og vera í samvinnu við fyrirtækið Desh Ltd þar í landi. Í framhaldi af því voru 130 starfsmenn Desh sendir í átta mánaða þjálfun til Daewoo í Suður-Kóreu. Þar var þeim ætlað að læra allt er viðkemur framleiðslunni, frá því að sauma og til þess að verða stjórnendur. Árið 1982 studdi ríkisstjórn Bangladess við fataframleiðsluáætlunina í landinu með því að styrkja fyrirtæki með smá fjárframlögum, flytja inn tæki og leggja til vöruskemmur til að hýsa framleiðsluna. Í framhaldi af því fetuðu önnur fyrirtæki í Suður-Kóreu sem og önnur iðnvædd lönd austur Asíu í fótspor Daewoo-fyrirtækisins. Á þessum tímamarki hafði útflutningur frá Bangladess vaxið svo mikið að settur var kvóti á fataáætlunina. Hann var af hinu góða fyrir verkafólkið að því leyti að hann kom í veg fyrir að erlend fyrirtæki kepptust um að staðsetja fyrirtæki sín þar og verndaði því íbúa Bangladess fyrir frekari vinnuþrælkun (Mottaleb og Sonobe, 2011). Kvótinn var slæmur vegna reynsluleysis

og vegna skorts á kerfi til að fylgja kvótalögunum eftir varð mikil ringulreið. Eftirlitsmenn vissu ekki hvert hlutverk sitt var og stoppuðu allar vörusendingar rétt áður en þær komust á áfangastað. Því varð markaður vörunnar sama sem enginn. (Kabeer, 2000). Þar sem MFA-kvótinn virtist ekki gera það gagn sem honum var ætlað, var byrjað að afnema hann 1995 og var hann að fullu afnuminn 2005. Þetta leiddi til enn meiri samkeppni milli alþjóðlegra fyrirtækja en var fyrir kvótann. Nú gat neytandinn fengið uppáhalds vöru sína hvenær sem er því alþjóðlegu fyrirtækin sáu til þess að framleiðsla væri nógu mikil að hún svaraði ávallt eftirspurn (Mottaleb og Sonobe, 2011).

Þessi kafli hófst þar sem kaflanum á undan lauk, með aðgreiningu tvenns konar vörukeðja: neytenda- og framleiðendadrifnar. Í kaflanum hefur komið fram að erfiðisvinna líkt og framleiðsla á fötum á sér stað í þeirri vörukeðju sem drifin er áfram af neytendum. Einnig hefur umfang fata-og textílframleiðslu verið gerð skil, en um er að ræða helstu útflutningsvörur heims. Upphaflega var fataframleiðslan að mestum hluta á Vesturlöndum en þaðan færðist hún til Asíu. Allt þangað til hinir fjóru tígrar austur Asíu tóku upp á því að flytja út ódýr föt ríkti fátækt í allri heimsálfunni. Með framleiðslu sinni og útflutningi jókst fjárhagur innan Austur-Asíu hratt og urðu hinir fjóru tígrar að helstu fataframleiðendum. Þeir aðilar sem stjórna fataframleiðslunni eru alþjóðleg fyrirtæki. Þau staðsetja verksmiðjur sínar þar sem fataframleiðsla er ódýrust. Þegar dýrara varð að framleiða í Austur-Asíu færðu alþjóðlegu fyrirtækin verksmiðjur sínar til fátæku og vanþróðu landa Asíu, til dæmis Bangladess. Það varð til kapphlaupsins að botninum. Fyrirtækin staðsetja verksmiðjur sínar í fátækum löndum vegna þess að ekki aðeins er hægt að borga verkafólkinu lág laun heldur geta fyrirtækin passað upp á að launin hækki ekkert. Verkafólkið fær oft aðeins lítinn hluta af heildarsöluverði vörunnar. Í þessu felst mikið misrétti. Vinnudagar þeirra eru langir og erfiðir og snýst vinnan um að sauma og setja saman tilbúna vöru. Afleiðingar erfiðra og langra vinnudaga eru oft ýmsir líkamlegir kvillar. Í næsta kafla verður sjónun nánar beint að verkafólki fataframleiðslunnar, aðstæðum þeirra og ástæður fyrir vinnu í verksmiðjunum.

4. Verkakonur í fataiðnaði

Í desember 2010 birtist frétt í New York Times um bruna í fataverksmiðju í úthverfi borgarinnar Dhaka í Bangladess. Í brunanum dóu 20 starfsmenn og fleiri slösuðust. Verksmiðjan var í tíu hæða byggingu og átti eldurinn upptök sín á níundu hæð þaðan sem hann breiddist út upp á þá tíundu. Í kringum fimm þúsund manns unnu í verksmiðjunni þar sem fyrst og fremst voru framleiddar buxur fyrir Bandaríkjamarkað (Manik og Bajaj, 2010).

Allt í allt starfa um þrjár milljónir manns í fataverksmiðjum í Bangladess og eru eldsvoðar þar tíðir. Þeir geta orðið sérlega hættulegir í fataverksmiðjunum því þar liggja föt í hrúgum og þekja borð og gólf verksmiðjanna og eru kjörinn eldsmatur. Þar að auki eru verksmiðjurnar oft læstar til að hindra að verkafólkið fari frá sauma- og vinnuvélunum. Yfirmaður verksmiðjunnar í fréttinni hér að ofan hélt því fram að útgangurinn hjá hinum látnu starfsmönnum sínum hefði ekki verið læstur. Hann lagði hins vegar ríka áherslu á að stefnt væri að því að opna verksmiðjuna innan fárra daga svo að pantanir sem þegar hefðu borist myndu verða afgreiddar á réttum tíma (Manik og Bajaj, 2010). Fréttin varpar ljósi á það hve hættuleg vinna í fataverksmiðjum í Bangladess getur verið. Sömuleiðis lýsir hún skeytingaleysi um líf og velferð vinnufólksins. Það er svipt mannréttindum með frelsissviptingunni. Í ofanálag var efst í huga yfirmannsins að halda framleiðslunni gangandi í sama húsnæði og áður nefndur eldsvoði átti sér stað, það er að segja í sömu dauðagildrunni.

Konur eru meirihluti vinnuafls í fataiðnaði Asíu. Allt frá 1980 hafa þúsundir kvenna hafið störf í fataverksmiðjum í Bangladess. Árið 1992 voru þær 75% vinnufólks (Jamaly og Wickramanayake, 1996). Meirihluti kvennanna er á aldrinum 15 til 25 ára og eru um 60% þeirra á aldrinum 16 til 20 ára, þar af eru 70 til 75% ógiftar (Kabeer, 1997; Wahra og Rahman, 1995). Þessi straumur kvenna í framleiðslustörf olli mikilli breytingu á vinnumenningu í Bangladess því konur unnu aðallega innan veggja heimilanna áður. Karlpeningurinn, hvort sem það var bróðir, faðir, eiginmaður eða frændi sá um að afla tekna fyrir heimilið. Áður fyrr var það aðeins brýn fjárhagsleg nauðsyn fjölskyldunnar sem varð til þess að konur leituðu sér vinnu utan heimilisins (Kabeer, 1997; Ahmed, 2004). Samkvæmt Ahmed (2004) og Kabeer (1997) er það enn algengasta ástæða þess að konur vinni í fataverksmiðjum, en fjárhagslegar þarfir eru þó mismunandi eftir stétt, stöðu þeirra innan heimilisins og hjúskaparstöðu. Ahmed og Kabeer tóku viðtöl við konur sem störfuðu í

fataverksmiðjum Bangladess til þess að afla upplýsinga um vinnu þeirra og líf. Við greiningu gagnanna skipti Ahmed (2004) konunum í tvo hópa eftir efnahagslegri stöðu en það kom í ljós að hún tengist beint ástæðu þeirra fyrir vinnu í fataframleiðslu. Annar hópurinn samanstóð af konum sem komu úr mikilli fátækt eða urðu nýlega fátækar vegna missis ættingja eða fyrirvinnu. Þessar konur völdu fataframleiðslu vegna þess að það var betra en að vinna heima eða í vændi. Allur peningur þeirra fór til fjölskyldunnar eða makans. Í hinum hópnum voru konur af hærri stéttum sem höfðu aldrei unnið áður. Fyrir þessar konur var þetta starf virðingarríkt og peningurinn nýttist til þess að betrubæta efnahagslega stöðu fjölskyldunnar. Lítil prósentu þessara kvenna var jafnvel mjög efnuð og þær gátu haldið peningnum fyrir sig og nýtt hann eins og þær vildu (Ahmed, 2004). Laun vinnufólks í fataverksmiðjum Bangladess eru talin með þeim lægstu í Asíu og þó að launin séu lág þar í samanburði við annars staðar í heiminum þá fá konur enn minna en karlar (Wahra og Rahman, 1995).

Ástæða þess að konur eru meirihluti vinnuafls í fataverksmiðjum er þó ekki bara að þær vilji taka þátt í fjáröflun fyrir heimilið heldur einnig að vinnuveitendur verksmiðjanna telja þær ákjósanlegasta vinnuaflíð í fataframleiðslunni. Ekki aðeins er launakostnaður fyrirtækja og þar með framleiðslukostnaðurinn lægri þar sem margar konur starfa heldur eru konur einnig sveigjanlegri vinnukraftur, auðsveipari, með litla sem enga menntun og er auðvelt að skipta út (Kabeer, 2000). Helsta og veigamesta ástæðan er þó sú að konur stofna síður verkalýðsfélög en karlar til að berjast fyrir rétti sínum. Upphaflega voru aðeins verkalýðsfélög fyrir karla og konur fengu þar ekki inngöngu, enda hafði samfélagið kennt konunum að vera hlýðnar. Það gerði það að verkum að konum fannst verkalýðsfélög vera ógnandi og fela í sér uppreisn gegn samfélaginu og það hugnaðist þeim ekki. Síðar, þegar þær loks byrjuðu að taka þátt í eða stofna verkalýðsfélög, var þeim refsað eða þær reknar ef yfirmenn þeirra komust að því. Af þeim sökum þorðu þær ekki að halda áfram að vera félagar (Ahmed, 2004; CCC, 2008). Konur, sem vinna í fataverksmiðjum Asíu, þurfa þó nauðsynlega á verkalýðsfélögum að halda svo þær geti barist gegn heilsuspillandi og oft lífshættulegum vinnuaðstæðum, aðstæðum eins og fjallað var um í fréttinni um eldsvoðann í verksmiðju Bangladess.

Begum, Ali, Hossain og Shahid (2010) gerðu rannsókn í þremur verksmiðjum í fataframleiðslu í bænum Dhaka í Bangladess þar sem þau tóku viðtöl við 90 konur.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvaða þættir í vinnu þeirra séu þess valdandi að þær kvíða því að fara í vinnuna. Rannsóknin leiddi í ljós að ferðir til og frá vinnu var þeim áhyggjuefni þar sem meðalfjarlægð milli heimilis kvennanna frá verksmiðju var um fimm kílómetrar, og konurnar þurfa oftast að ferðast fótgangandi á milli. Á leiðinni eiga þær á hættu að verða fyrir árásum karlkyns götuþjófa, eða jafnvel verða fyrir áreiti af hendi lögreglunnar. Þær eru einnig stöðugt hræddar um að missa vinnuna enda ekkert starfsöryggi, hægt er að skipta þeim út eða reka með engum fyrirvara ef fyrirtækið hefur ekki þörf fyrir þær lengur eða hugnast þær ekki af einhverjum ástæðum (Begum, Ali, Hossain og Shahid, 2010).

Fataframleiðslan skapar þó ekki aðeins andlega vanlíðan hjá konunum heldur einnig líkamlega. Calvin og Joseph (2006) gerðu rannsókn á slysum verkafólks í átta fataverksmiðjum á Indlandi. Á þremur mánuðum slösuðust 96 manns í verksmiðjunum, fleiri karlar en konur. Störf karlanna eru mun hættulegri en störf kvennanna, en þeir unnu við rafmagn og með alls kyns tækjabúnaði. Tekin voru viðtöl við 89 af þeim 96 sem slösuðust, 61 konu og 28 karlmenn. Algengustu slysin voru við saumaskapinn en oft festust fingur í saumavélum og stakkst þá nálin það djúpt að hún olli skemmdum á fremstu kjúku fingursins. Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir slysin hjá 85 af þeim 89 starfsmönnum sem talað var við með því að tryggja að öryggisbúnaður saumavélanna væri til staðar og að hlífðarbúnaður hefði verið notaður. Þau fjögur slys sem ekki var hægt að koma í veg fyrir voru þegar fólk féll úr mikilli hæð. Í viðtölum við verkafólkið kom í ljós að hlífðarbúnaður var í boði og fólkíð kunni að nota hann en nýtti sér hann ekki þar sem þeim fannst hann óþægilegur og erfitt að vinna í honum, þannig urðu slysin (Calvin og Joseph, 2006).

Vinnuaðstæður eru á ábyrgð eigenda og yfirmanna verksmiðjanna en ekki verkafólksins. Yfirmenn í verksmiðjum í Taívan í Kína hafa sérstaklega slæmt orðspor vegna ómanneskjulegra aðferða við að aga vinnufólk sitt. Chan og Wang (2004/ 2005) gerðu rannsókn á verksmiðjum þeirra, annars vegar í Kína og hins vegar í Víetnam. Niðurstaðan var sú að yfirmenn í verksmiðjum þeirra í Víetnam komu betur fram við verkafólk sitt en í verksmiðjunum í Kína. Ástæðan er að ríkisstjórnin í Víetnam gerir kröfu um að lögum um mannréttindi sé fylgt, en í Kína lagði ríkisstjórnin mesta áherslu á að ná fram sem mestum hagnaði, þótt það væri á kostnað velferðar vinnufólksins (Chan og Wang, 2004/2005). Það má því segja að bæði ríkisstjórnir og yfirmenn í verksmiðjum hafi vald til að breyta vinnuaðstæðum í

fataverksmiðjunum en oftast en ekki er eigin gróði settur ofar heilsu og réttindum verkafólksins.

Með því að vinna í verksmiðjum undir stjórn alþjóðlegra fyrirtækja taka konur í fataiðnaði þátt í hnattvæddu ferli (Seabrook, 1998). Meirihluti þeirra bjó á dreifbýlissvæðum áður en þær hófu störf í fataverksmiðjum, en konurnar fluttu í þéttbýli í von um betri vinnu og hærra laun. Árið 1991 voru konur sem komu úr dreifbýli um 70% þeirra kvenna sem unnu í fataverksmiðjum heimsins (Kabeer, 2000). Sífellt fleiri alþjóðleg fyrirtæki færa framleiðslu sína til vanþróaðra landa Asíu, og hefur því störfum þar fjölgað mikið. Því fleiri sem alþjóðlegu fyrirtækin verða því meiri verður samkeppnin um að hafa sem lægstan framleiðslukostnað og græða sem mest og lágur framleiðslukostnaður þýðir slæmt vinnuumhverfi (Gills, 2002). Það er því ekki hægt að horfa framhjá vinnuaðstæðum þessara kvenna á þeim forsendum að um atvinnutækifæri sé að ræða sem hafi jákvæð áhrif á atvinnusköpun kvenna (Kabeer, 2000).

Til að draga saman það sem fram hefur komið hér á undan eru konur meirihluti verkafólks í fataframleiðslunni. Ástæðan er að með tilkomu hnattvæðingar sköpuðust störf utan heimilisins sem konur þóttu ákjósanlegur vinnukraftur í. Fyrirtækin sóttust eftir konum í þessa vinnu því þær láta bjóða sér lægri laun en karlar, eru sveigjanlegar og eru síður í verkalýðsfélögum. Konurnar sóttu í vinnunna vegna þess að oft sáu þær um helstu og stundum einu tekjuöflun heimilisins, eða vegna þess að með tekjuöflun skiptu þær meira máli inn á heimilinu. Vinnan í verksmiðjunum er þó bæði andlega og líkamlega þreytandi og hættuleg fyrir konurnar. Þær þurfa að labba langa leið í vinnuna og á leiðinni leynast ýmsar hættur. Innan verksmiðjunnar eiga sér stað vinnuslys og þar sem hlífðarbúnaður hægir á framleiðslu þeirra nota þær hann einfaldlega ekki. Ein afleiðingin er að þær festa fingur í saumavélinni og slasast. Til að vinna gegn hættulegu starfsumhverfi er nauðsynlegt að þær taki þátt í verkalýðsfélögum en það er þeim ekki heimilt. Í næsta kafla verður fjallað um hvernig hægt er að veita konum og öðru verkafólki aðstoð við að taka þátt í eigin baráttu um betri aðstæður í fataframleiðslunni. Fjallað verður um mismunandi aðferðir hinna ýmsu samtaka og stofnana til að ná því markmiði.

5. Hnattræn aðstoð

Alþjóðleg fyrirtæki hafa í langan tíma misnotað verkafólk sem vinnur við fataframleiðslu í verksmiðjum þeirra. Þeirra er þó að sjá um velferð starfsmanna sinna. Það var ekki fyrr en 1990 að vesturlandabúar heyrðu fyrst af misnotkuninni á vinnuafli sem hér er til umræðu og var það fyrir tilstilli neytendahreyfinga (Ruwanpura, 2011). Neytendur áttu frumkvæði að því að stofna hreyfingar sem berjast gegn slæmum vinnuáðstæðum og lágum launum í fataverksmiðjunum, og fá fyrirtæki til að taka ábyrgð á verkafólki sínu (CCC, 2005). Verkalýðsfélög og ýmis frjáls félagasamtök með ólíkan pólitískan bakgrunn og í ólíkum löndum tóku höndum saman við þessar hreyfingar til að ná fram réttlæti (Connor, 2004). Ástæða neytenda fyrir því að bregðast við með því að stofna hreyfingar er að þeim er annt um velferð annara en finnast þeir vera óheiðarlegir með því að kaupa vöru sem framleidd er undir misnotkun (Connor, 2004). Eins og fram kom í kaflanum á undan á verkafólkið sjálft erfitt með að berjast fyrir réttindum sínum því ef það stofnar verkalýðsfélög og krefst réttinda á það hættu á að missa störf sín (CCC, 2008). Nauðsynlegt er því að neytendur vítt og breitt um heiminn taki virkan þátt í baráttunni og aðstoði verkafólk sem vinnur í fataframleiðslu þannig að það geti sjálft tekið þátt í eigin réttindabaráttu (Connor, 2004). Siddiqui (2009) segir að engin ein leið sé sú rétta til að bæta aðstæður verkafólks. Hún telur að ekki sé rétt að bjarga því úr aðstæðunum því það sé vísbending um að hjálparstofnanir hafi ákveðið vald yfir verkafólki. Þetta er viðkvæmt málefni og þarf að koma rétt að því til þess að tryggja að framfarir verði. Nauðsynlegt er að vinna með verkafólkinu sjálfu og fylgjast með þeirra upplifun af vinnunni í fataframleiðslunni (Siddiqui, 2009).

5.1 Alþjóðlega vinnumálastofnunin

Alþjóðlega vinnumálastofnunin (e. International labour organization [ILO]) eru einu alþjóðlegu samtökin sem hafa umsjón með vinnuréttindum á hinum alþjóðlega vinnumarkaði (Lerche, 2007). Alþjóðlega vinnumálastofnunin var stofnuð 1919 en hóf ekki störf fyrir Sameinuðu þjóðirnar fyrr en 1946. Einkennandi fyrir stofnunina er að hún er í samstarfi við verkafólk, vinnuveitendur og ríkisstjórnir. Miðar starf stofnunarinnar að því að semja alþjóðleg vinnuviðmið (e. labour standards) í þeim tilgangi að gæta hagsmuna starfsmanna. Krafist er að komið sé fram við verkafólk af mannúð en ekki sem vöru sem hægt er að selja, semja um eða græða sem mest á.

Vinna er hluti af lífi fólks og nauðsynleg fyrir velferð og virðingu þess (ILO, 2009). Alþjóðlegu vinnuviðmiðin setja fram lágmarks félagslega staðla sem allir aðilar hnattræns vinnumarkaðar þurfa að samþykkja. Viðmiðin eru annað hvort í formi samninga og eru þá lögbundnir alþjóðlegir sáttmálar sem aðildarríki getur staðfest eða hafnað eða þau eru einfaldlega viðmið sem notast má við til samanburðar og eru ekki bindandi. Ef aðildarríki samþykkir viðmiðin, er því skylt að fylgja þeim. Litlar líkur eru taldar á að ríkisstjórnir og vinnuveitendur freistist til að svíkja samþykktar reglur (ILO, 2009). Fjögur grunnviðmið eru höfð að leiðarljósi og er þeim fylgt fast eftir: Frelsi til að mynda samtök og réttindi til kjarasamninga, útrýming á nauðungarvinnu, afnám barnaþrælkunar og afnám misréttis út frá ráðningu og atvinnu (Bhattacharjee og Merk, 2011). Siðareglur (e. Codes of Conduct) flestra fyrirtækja byggja á helstu vinnuviðmiðum Alþjóðlegu vinnumálastofnunarinnar. (Lerche, 2007)

Alþjóðlega vinnumálastofnunin er þó ekki fullkomin. Appelbaum, Bonacich, Ebenshade og Quan (2000) telja það helsta galla stofnunarinnar að hún semji aðeins viðmiðin en gæti þess ekki að þeim sé hrint í framkvæmd eða þeim sé framfylgt. Einnig telja þeir það vera ókost hve óljós og viðamikil viðmið stofnunarinnar séu og því erfitt að aðlagja þau að þörfum mismunandi landa og launþega. Þessa ástæðu gefa Bandaríkin fyrir að nota ekki lögbundnu útgáfu þeirra heldur aðeins sem viðmið. Einnig gagnrýna Appelbaum og fleiri (2000) þá samvinnu sem einkennir stofnunina. Ákvarðanir þeirra takmarkast við þá þætti sem þau eru sammála um. Auk þess telja þeir það stóran galla að stofnunina skortir áhrifamátt meðal hnattrænna stórlaxa, til dæmis hefur talsmaður stofnunarinnar ekki leyfi til þess að tjá sig á ráðuneytisfundum World Trade Organization.

5.2 Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækis: Siðareglur og úttektir.

Áður fyrr var algengt að fyrirtæki neituðu allri ábyrgð á aðstæðum í verksmiðjum sínum (Connor, 2004). Það var einungis vegna herferða neytendahreyfinga, frjálsra félagssamtaka og verkalýðsfélaga að slæmt vinnuumhverfi í fataverksmiðjum í fátækari heimshlutum komst í fréttir. Þessar fréttumfjallanir voru fyrirtækjunum sem áttu þessar verksmiðjur ekki hagstæðar og urðu því til þess að þau byrjuðu að fara eftir siðareglum í samskiptum við verkafólk sitt. Þetta var liður í ímyndarvinnu, það er að segja til að neytendur litu á fyrirtækin sem aðila sem er annt um sitt fólk og gætir velferðar þess (Ruwanpura, 2011). Ástæða fyrirtækja fyrir því að fylgja siðareglunum var því ekki eigin vilji til að gæta velferðar verkafólksins innan verksmiðja sinna

heldur vegna utanaðkomandi þrýstings neytendahreyfinga, frjálsra félagssamtaka og verkalýðsfélaga (Locke, Kochan, Romis og Qin, 2007). Hiscox og Smyth (2007) telja það ástæðu fyrir því hve margir gagnrýna og efast um að fyrirtækin muni framfylgja siðareglunum til lengri tíma. Þeir álíta að um leið og þrýstingur á fyrirtækin minnki og athygli neytenda beinist eitthvert annað þá fari allt í sama farið aftur. Þar sem það er val fyrirtækjanna að taka upp reglurnar þá er þeim algjörlega í sjálfsvald sett hvaða reglum þau fara eftir og hverjum ekki (Pearson og Seyfang, 2001). Siðareglur eru því ekki alls staðar eins. Sumstaðar fylgja fyrirtækin reglum sem fjalla um mismunun og frelsi til þess að mynda samtök, annars staðar eru þau um lífvænleg laun (í stað lágmarkslauna), að draga úr fjölda vinnutíma eða snúa að atriðum sem snerta öryggismál (Locke, Kochan, Romis og Qin, 2007).

Nokkurrar tregðu gætir hjá flestum fyrirtækjum til að taka upp siðareglur er varða vinnuvernd og framfylgja þeim. Oft fer fyrirtækið í nokkra hringi áður en að framkvæmd kemur. Þegar þrýst er á fyrirtæki til að taka upp siðareglur til verndar starfsmönnum þeirra neita forsvarsmenn fyrirtækjanna því oft í fyrstu, telja það ekki á sinni könnu að taka ábyrgð á því sem gerist innan verksmiðjuveggjanna. Í dag virðist þetta þó koma sjaldnar fyrir en áður. Þar næst samþykkir fyrirtækið að notast við siðareglur, en það gerir ekkert í málunum. Þar á eftir kemur framkvæmd, þá byrjar fyrirtækið að taka viðmiðin alvarlega og fylgja þeim eftir. Á undanförunum árum hefur það sýnt sig að mikilvægt sé að beita fyrirtæki þrýsting svo þau fylgi samþykktum sínum eftir á þessu sviði. Nú þurfa fyrirtæki í meira mæli að sýna fram á að þau séu að fara eftir þeim viðmiðum sem þau meðtóku. Í þessu ferli er oft stuðst við úttektir (e. audits) á fyrirtækjum til að athuga hvort unnið sé eftir viðmiðunum. Að lokum er það þátttaka verkafólksins sem skiptir máli. Án þátttöku þeirra í því að betrubæta vinnuaðstöðu sína verða framfarir takmarkaðar (CCC, 2005). Eins og kom fram er oft notast við úttektir til þess að fylgjast með því hvort fyrirtækin fari eftir siðareglum (Espenshade, 2008). Fyrirtækið sér stundum sjálft um úttektirnar eða það ræður utanaðkomandi aðila til þess. Þegar fyrirtæki velur að fá utanaðkomandi aðila til að fylgjast með hversu vel er farið eftir siðareglunum er oft einhver önnur ástæða sem liggur að baki en sú að tryggja velferð verkafólksins (CCC, 2005). Oftast er ástæðan sú að fyrirtækin óttast um orðspor sitt. Þeir óttast að fréttamenn og aðgerðarsinnar birtist óvænt og fjalli um fyrirtæki í fjölmiðlum út frá barnaþrælkun, nauðungarvinnu eða annari slíkri misnotkun og því sé best að koma í veg fyrir að þannig siðlaust

athæfi fyrirfinnist. Þegar fréttamenn birtast geta yfirmenn fyrirtækja nýtt sér það að úttektaraðilar hafi gefið þeim grænt ljós og því sé ekkert að sjá (CCC, 2005).

Hvorki siðareglurnar né úttektirnar eru fullkomnar. Ekki er víst að hægt sé að treysta þeim sem sjá um úttektina, það er ekki sjálfgefið að þeir séu vandvirkir í starfi sínu og hreinskilnir í skýrslum sínum um ástand innan versmiðja, sérstaklega ef úttektaraðilinn hefur verið ráðinn af alþjólegu fyrirtæki (Locke, Kochan, Romis og Qin, 2007). Það telst ekki fullnægjandi að hafa aðeins aðgang að verksmiðjunni heldur þarf úttektaraðilinn á tæknilegri þekkingu að halda til að gera nákvæma skýrslu um ástand verksmiðjunnar. Sú þekking felst í því að vita hvernig á að lesa vinnutímakortin, skilja launaskrár, geta lagt mat á heilsu og öryggisþætti og allra helst þarf hann að búa yfir aðferðum til að fá verkafólkið til að tala um vinnuaðstæður sínar í næði. Verkalýðsfélög og frjáls félagasamtök skilja aðstæður verkafólksins og fólkið treystir þeim. Það er því nauðsynlegt fyrir úttektaraðila að vinna með þeim til að afla upplýsinga og fá fyrirtæki til að fara eftir siðareglunum (Appelbaum, Bonacich, Ebenshade og Quan, 2000). Eftir margra ára notkun á úttektum í framleiðslu-verksmiðjum fyrirfinnst enn misnotkun á verkafólki. Þetta telst hneyksli þar sem ýmis samtök og aðilar hafa beitt mismunandi aðferðum til upplýsingaöflunar en litlar framfarir hafa orðið á vinnuaðstæðum í fataframleiðslu fátækustu landa jarðar. Það er augljóst að ekki má búast við að ástand vinnufólks breytist ef aðeins er stuðst við úttektir einar og sér til að gera fyrirtæki félagslega ábyrg fyrir verkafólki sínu (CCC, 2005).

5.3 Hjálparsamtök

Áhrifaríkasta aðferð verkafólksins í eigin baráttu fyrir bættum aðstæðum er að skrá sig í verkalýðsfélög og sameina krafta sína þar. Ýmislegt hefur staðið í vegi fyrir því og vegur þyngst skipulag fataframleiðslunnar, en þar er fólki stíð í sundur, þess gætt að það vinni eitt og einangrað til að það stofni ekki slík félög (CCC, 2008). Hjálparsamtökin Clean Clothes Campaign (CCC) og Asian Floor Wage eru gott dæmi um samtök sem taka fyrir mismunandi málefni en markmið þeirra er þó hið sama; að veita verkafólki iðnaðarins aðstoð svo það geti tekið þátt í eigin baráttu.

CCC eru ein helstu baráttusamtökin sem vinna að bættu starfsumhverfi verkafólks í fataiðnaði og voru stofnuð í kringum 1990 í þeim eina tilgangi (CCC, 2008). Saga CCC hófst árið 1989 þegar kvennasamtök á Filipseyjum börðust fyrir málstað

kvenframleiðenda fataverksmiðju í eigu Hollendinga og Breta. Þannig var mál með vexti að verksmiðjunni hafði verið lokað og allar konurnar sem þar unnu reknar. Ástæðan fyrir þessu var að þær vildu fá borguð lágmarkslaun fyrir vinnu sína. Kvinnasamtökin lögðu konunum lið og atburðurinn komst í fjölmiðla. Upp úr fjölmiðlaumræðunni fór af stað rannsókn sem leiddi í ljós að fleiri samtök voru að berjast fyrir sama málstað í Bangladess, Indlandi og Vestur-Evrópu. Þessi fyrsti atburður CCC varð til þess að samtökin fóru að aðstoða verkakonur í fataiðnaði þróunarlanda við að láta raddir sínar heyrast (CCC, 2008). Í framhaldi af því þróuðu samtökin samstarf með frjálsum félagssamtökum í Englandi, Belgíu, Þýskalandi, Frakklandi, Ameríku, karabísku þjóðunum og Austur-Evrópu auk annara góðgerðasamtaka. Tvö helstu afrek samtakanna eru: nýtt módel af siðareglum sem þau þróuðu til að auka félagslega ábyrgð fyrirtækja og verkefni innan CCC í Evrópu sem bar heitið „Áríðandi beiðni“ (e. Urgent appeal) (CCC, 2008).

Í dag nota samtökin þrjár mismunandi aðferðir til að aðstoða verkafólki: að auka samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, taka á móti og bregðast við áríðandi beiðnum um bættar aðstæður og loks baráttuherferðir gegn slæmum vinnuaðstæðum verkafólks. Til að koma á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja notast samtökin við nýtt módel af siðareglum (CCC, 2008). Nýja gerð siðareglanna eru svokallaðar „staðlaðar siðareglur“. Ástæðan fyrir þessari nýju gerð var að hinar siðareglurnar voru of óljósar og ekki í samræmi við þarfir hvers lands. Gengið var út frá því við gerð nýju siðareglanna að hvaða fyrirtæki sem er í heiminum gæti aðlagast þær að sínum þörfum. Þeim var ætlað að gæta að lágmarksvelferð verkafólks í verksmiðjum. Fyrirtæki gátu því ekki sagt að reglurnar hentuðu þeim ekki þar sem þær voru hannaðar til að aðlagast kröfum og vinnuaðstæðum verksmiðja. Í herferðum ýmissa baráttuhreyfinga hafa stöðluðu siðareglur CCC reynst gagnlegar, bæði til þess að hægt sé að gera meiri kröfur til fyrirtækja um ábyrgð á verkafólki þeirra og til þess að skapa almenna umræðu um málefni verkafólks (CCC, 2008). „Áríðandi beiðnir“ eru mikilvægt málefni samtakanna eins og áður hefur komið fram. Í stað þess að hjálpa mörgum verksmiðjum snúast beiðnirnar um það að grípa til aðgerða í einstaka tilfellum þar sem upp koma brot á vinnuréttindum. CCC fær send bréf, oft frá verkakonu eða verkalýðsfélagi sem talar fyrir hana. Í bréfinu er beiðni til CCC um að koma konunni til aðstoðar vegna þess að fyrirtæki er að brjóta á vinnuréttindum hennar. CCC staðfestir bréfið og sendir beiðni til samstarfsaðila sem er á því svæði

sem bréfið barst. Frá upphafi hafa samtökin tekist á við hundruð málefna og meiri hluti málefna hefur verið brot á viðmiðum Alþjóðlegu vinnumálastofnunarinnar, til dæmis brot á frelsi til að mynda samtök eða brot á kjarasamningum. Til þessara brota teljast kúgun, misnotkun, áreiti og ofbeldi gegn þeim sem ganga í verkalýðsfélag eða þeir einfaldlega reknir (CCC, 2008). Oftast er brugðist við kröfum um lagfæringu að einhverju marki en verkamaðurinn fær þó oftast ekki allt það sem hann fór fram á. Hinsvegar hefur verið hlustað á hann og tillit tekið til umkvörtunarefni hans, það hefur áhrif á sjálfsvirðingu og sjálfsmynd hans sem má teljast einhvers konar ávinningur. Herferðir gegn slæmum vinnuaðstæðum er þriðja helsta málefni samtakana. Herferðir eru annað hvort innlendar eða hnattrænar. Þær innlendu eru skipulagðar og framkvæmdar af CCC í því landi þar sem samtökin eru staðsett eða í löndum bandamanna. Það sem gerist í slíkum herferðum er að CCC leggur til atlögu gegn ákveðnu fyrirtæki, til dæmis höfuðstöðvum ákveðins vörumerkis. Aðgerðir gegn fyrirtækinu felast í að vekja eftirtekt neytandans með því að ræða við verkamenn í fataverksmiðjum um réttindi þeirra. Hnattrænar herferðir fara fram í mismunandi löndum og standa yfir í mörg ár. Þær eru skipulagðar með miklum fyrirvara og er markmið þeirra að efla vitund þjóðfélagsþegna um ákveðin málefni og stuðla að almennum stefnubreytingum (CCC, 2008).

Asian Floor Wage (AFW) eru samtök sem vinna að því að verkafólk fái laun sem það og fjölskyldur þeirra geti lifað á, en á sama tíma passa þau upp á að hækkun launa hafi ekki þau áhrif að vinnuaðstæður versni (Bhattacharjee og Merk, 2011). Of lág laun gera það að verkum að verkafólk getur ekki átt sómasamlegt líf. AFW telja að laun sem miðast við lífsviðurværi sé grunnurinn að almennilegum vinnuaðstæðum. Svo lengi sem alþjóðlegu fyrirtækin neita að borga verkafólkinu aðeins meira fyrir starf sitt eru þau um leið að segja að úrbóta sé ekki þörf. Án viðurkenningar alþjóðlegu fyrirtækjanna á að þörf sé á hærri launum verkafólks er erfitt að bæta þau. Lífvænleg laun eru mikilvæg fyrir þá nýju gerð af ábyrgðarfullum fyrirtækjum sem AFW vill stuðla að. Sú gerð fjallar um að þrátt fyrir að fyrirtæki sé náttúruvænt og passar upp á réttindi vinnufólks síns þá er það ekki samfélagslega ábyrgðarfullt ef lífvænleg laun eru ekki fyrir hendi (Bhattacharjee og Merk, 2011). Í dag hafna flest fyrirtæki lífvænlegum launum fyrir verkafólk sitt og telja lágmarkslaun ásættanleg því þau hafa tekið upp á því að notast við siðareglur. Þær reglur eru lausn þeirra á því að svara gagnrýnendum eins og áður hefur komið fram. Siðareglurnar, í þeirri mynd sem

þær eru í dag, snúast um lágmarksréttindi verkafólks og með því að viðhafa slíkar reglur hafna fyrirtæki lífvænlegum launum (Bhattacharjee og Merk, 2011). Hærrí laun verkafólks í einu landi skipta ekki sköpum fyrir fataiðnaðinn í heild, þess vegna er það markmið AFW að lífvænleg laun komist á með samningum milli atvinnurekanda og umboðsaðila verkafólks með stuðningi frá ríkisstjórnnum, ríkisreknum og félagslegum samtökum. Í Asíu er grunnhugmyndin að koma í veg fyrir launasamkeppni milli asískra fataútflytjenda og sjá til þess að hagnaður dreifist jafnt á milli allra aðila vöruheðjanna.

Utanaðkomandi aðilar geta þó einnig gert ástandið fyrir fólk í fataframleiðslunni verra með skoðunum sínum. Dæmi um slíkt má finna í vettvangsrannsókn Wahra og Rahman (1995). Rannsóknin var gerð í Dhaka, höfuðborg Bangladess. Viðfangsefnið var bann sem sett var á vinnu kvenna 15 ára og yngri í fataverksmiðjum borgarinnar. Norrænir viðskiptaaðilar voru á móti barnaþrælkun og úrræði þeirra var að neita að stunda viðskipti við þær verksmiðjur sem notuðust við börn sem vinnufólk. Til að missa ekki viðskiptin kom ríkisstjórnin til móts við þá og setti á umrætt bann. Wahra and Rahman (1995) tala um að þetta vinnubann barna á ekki endilega rétt á sér þegar horft er á það út frá þeirri staðreynd að án vinnu svelta börn undir 15 ára, þar sem foreldrar þeirra afla ekki nægra tekna til að sjá fyrir allri fjölskyldunni. Börnin þurfa að vinna sér inn pening til að lifa og ríkisstjórnin kemur ekkert til móts við þau. Það er ekki mikið um önnur starfstækifæri fyrir stelpur en fataverksmiðjur. Þau störf sem eru í boði bjóða upp á verri vinnuaðstæður og laun.

Í hnotskurn er málið að verkafólk fataiðnaðarins hefur lengi verið misnotað af alþjóðlegum fyrirtækjum, með lágum launum og lélegum vinnuaðstæðum. Neytendur hafa aðeins nýlega áttað sig á þessu. Viðbrögð þeirra við þessum fréttum var að stofna baráttusamtök til að berjast fyrir réttindum og betri aðstæðum verkafólksins. Málefnið er viðkvæmt og lausnin ekki einföld. Ekki er nóg að hjálparsamtök komi til sögunnar til að bjarga konunum. Það þarf að vinna með konunum og aðstoða til sjálfshjálpar til að gera þeim kleift að heyja eigin baráttu. Algengast hefur verið að notast við siðareglur til þess að gera fyrirtæki félagslega ábyrg gagnvart verkafólki sínu en þessar reglur eru byggðar á vinnuviðmiðum Alþjóðlegu vinnumálastofnuninnar. Til að gæta þess að reglunum sé framfylgt hefur einnig verið stuðst við úttektir á verksmiðjum. Bæði reglurnar og úttektirnar hafa verið gagnrýndar fyrir ónákvæmi og margt sem getur farið úrskeiðis við notkun þeirra. Samtökin CCC og AFW veita

verkafólki utanaðkomandi aðstoð með því berjast fyrir bættem aðstæðum verkafólksins með þáttöku þeirra. Siðareglur eru þó ekki miðpunktur markmiða þeirra. CCC leggur áherslu á þrennt: að gera fyrirtæki ábyrg en út frá eigin siðareglum, áriðandi beiðnir verkafólks og baráttuherferðir. AFW hefur aðeins eitt markmið, að koma á launum sem verkafólk getur lifað á, það er laun sem ná yfir öll þeirra útgjöld. Utanaðkomandi aðstoð er þó ekki alltaf jákvæð eins og hjá CCC og AFW; stundum geta afleiðingar hennar verið að verkafólk missir vinnu sína og fær ekkert í staðinn. Um það er frekar fjallað í næsta kafla en þar eru skoðuð sjónarmið þeirra sem telja utanaðkomandi afskipti óþörf og hættuleg fyrir fataiðnað Asíu.

6. Utanaðkomandi afskipti – Andstæð sjónarhorn

Það eru ekki allir sammála um að bæta þurfi vinnuaðstæður og laun verkamanna í fataframleiðslu líkt og fjallað var um í kaflanum á undan. Í þeim kafla var talað um hve nauðsynleg samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja gagnvart velferð vinnufólks væri. Hugmyndir hagfræðingsins Milton Friedman um þá ábyrgð eru allt aðrar (Friedman, 1970). Hann telur að fyrirtæki sem slík geti ekki borið ábyrgð, heldur sé ábyrgð mannleg athöfn og því sé ábyrgðin á herðum yfirmanns fyrirtækis eða formanns þess. Aftur á móti bera þeir ekki ábyrgð gagnvart vinnufólki sínu heldur á því að skapa sem mestan gróða fyrir fyrirtækið. Friedman (1970) telur að samfélagsleg ábyrgð hafi slæm áhrif á vörumarkaði og gengur svo langt að segja að ekkert geti skaðað vörumarkaði jafn mikið og á jafn stuttum tíma og þær ríkistjórnir sem hafa skýrar reglur gagnvart vöruverði og launum starfsmanna í landinu. Hann telur það því ekki starf fyrirtækja eða einstaklinga sem starfa sem stjórnendur innan þeirra að bera félagslega ábyrgð á vinnufólki fyrirtækjanna, það sé aðeins starf ríkisstjórnar (Friedman, 1970).

Líkt og Friedman eru margir hagfræðingar sannfærðir um að láglaunastörf við fataframleiðslu í verksmiðjum séu ekki af hinu slæma, ef eitthvað er þá ber að horfa til þess að vinna sé til bóta fyrir líf vinnufólksins og fjölskyldna þeirra. Samtökin Academic Consortium on International Trade (ACIT) eru á þessari skoðun, en þau samanstanda af hagfræðingum sem eru talsmenn hnattvæðingar og frjálsra viðskipta. Þessir hagfræðingar telja að framhaldsskóla- og háskólanemendur sem berjast gegn slæmu ástandi í fataverksmiðjum séu illa upplýstir og að verkafólk í fátækum löndum myndu missa vinnu sína ef alþjóðleg fyrirtæki neyddust til að borga hærra laun vegna siðareglna. Þessi skilaboð komu fram í bréfi sem þeir sendu til formanna mennta- og háskóla í Bandaríkjunum (Miller, 2004). Meyers (2004) segir rök hagfræðinga, fyrir því að vilja halda verksmiðjunum í því ástandi sem þær eru, vera þau að markaðirnir eigi að stýra sér sjálfir og séu þeir látnir í friði verður útkoman góð fyrir alla þátttakendur. Laun eiga að vera ákveðin út frá markaðinum, sanngjörn laun eru þau laun sem vinnuveitandi ákveður, séu launin lág er hægt að ráða fleiri í vinnu. Þegar fólk eyðir launum sínum þá bætist efnahagskerfi samfélagsins. Þegar verkafólkið sem neytendur hafa tæmt hillur búðanna þá þarf að framleiða meira. Til þess að vera fær um að auka framleiðslugetu fyrirtækis þarf að ráða fleira fólk og þá telja hagfræðingar

að laun geti hækkað hjá þeim sem hafa meiri reynslu en nýjasta vinnufólkið (Meyers, 2004).

Hagfræðingar hafa þó ekki alltaf verið fylgjendur lágra launa og slæms vinnuástands verksmiðjanna. Adam Smith var hagfræðingur sem vildi að verkafólk fengi réttlát laun fyrir vinnu sína. Aðalmarkmið hans var að skilja efnahagskerfið og studdist hann við gildi (e. value) ákveðinna þátta þó ekki út frá gagnsemi þeirra eða virði. Hann taldi að gildi væri best skilið út frá vinnu (e. labour) því að öll vinna hefur sama gildi fyrir vinnandi fólk, en hann trúði einnig að gildi mætti sjá þegar fólk skiptist á hlutum. Því var hann með tvær kenningar um gildi, út frá einstaklingnum í gegnum vinnu og út frá samfélaginu í gegnum skipti. Hann náði þó aldrei að tengja kenningar sínar um gildi saman (Wilk og Cligget, 2007). Síðar tók Smith (vitna í Miller, 2009) það fram í bók sinni „The wealth of nations“ að í öllum siðmenntuðum samfélögum þyrfti fátækt verkafólk að þola slæmt vinnuástand nema að ríkistjórnin kæmi því til aðstoðar. Karl Marx (vitna í Miller, 2009) var einnig mikið á móti kapítalisma og ferlum sem tengdust honum. Í fyrstu útgáfu hans af „Das Kapital“ lýsti hann óánægju sinni á lækun launa og misnotkunar á vinnufólki í verksmiðjum á Englandi af hálfu kapítalista. Síðar meir, eftir tíma Smith og Marx, varð eitthvað sem olli því að skoðanir og viðmót hagfræðinga breyttist og í dag velja flestir þeirra gróða yfir velferð (Miller, 2009).

Það eru þó fleiri en hagfræðingar sem telja að verksmiðjurnar og ástandið þar stuðli að framþróun frekar en að misnotkun verkafólks, en styðjast þó við annað en bara eigin skoðanir. Munur er á viðhorfi Vesturlandabúa til fataframleiðsluverksmiðja og þeirra sem búa í fátækari löndum jarðar þar sem lífsafkoma þeirra veltur á starfi í slíkri verksmiðju. Munurinn felst í því að fólk á Vesturlöndum les um þrælavinnu í dagblöðum og sér umfjallanir um hana í sjónvarpinu og telja hana hrylling. Hins vegar telja fátækustu íbúar Asíu slíkt vera tækifæri til þess að sjá fyrir sér og sínum. Oft á tíðum koma aðgerðarsinnar frá Vesturlöndum í þeim tilgangi að bæta vinnuástand í verksmiðjunum, jafnvel loka þeim en í þeim átökum missa jafnvel margir hinna asísku verkamanna vinnuna (Kristof og WuDunn, 2000). Hinsvegar telur Kristof (2009) vandamálið ekki vera of mikil misnotkun í fataverksmiðjum líkt og Vesturlandabúum þykir, heldur að ekki nógu margir fái vinnu þar. Að hljóta slíka vinnu er draumur fólks sem býr í samfélagi þar sem ríkir mikil fátækt. Ástæðan er að miðað við aðra kosti sem eru í boði, telst vinnan í fataframleiðsluverksmiðju alls ekki

slæm (Kristof, 2009; Spath, 2002). Kristof (2009) telur einnig að siðareglur hafi slæmar afleiðingar frekar en framför eða umbætur. Með því að framfylgja siðareglum þurfa yfirmenn fyrirtækja að nota fjármagn sem þeir kæra sig ekki um að nota í endurbætur. Þetta leiðir til þess að fyrirtæki flytja framleiðslu sína frá þeim löndum þar sem krafa er gerð um slíkar reglur til landa sem ekki hafa slíkar kröfur. Kristof (2009) telur því bestu leiðina til þess að hjálpa fólkinu sé að nota ekki þrýsting eða baráttuherferðir til að koma á siðareglum og betri vinnuaðstæðum heldur að hvetja til frekari framleiðslu innan verksmiðjanna.

Krugman (1997) er á sama máli og Kristof, hann hvetur til vinnu í verksmiðjunum. Til stuðnings þeirrar skoðunnar vísar hann í sögu efnahagskerfis Asíu og bendir á að í kringum 1970 hafi efnahagsástand fátækustu landa Asíu verið enn verra en það er núna. Efnahagurinn óx hægt og vakti það athygli á ástandi heimsálfunnar. Afleiðing þess að heimsálfan hlaut aukna athygli varð þó til þess að efnahagurinn tók kipp. Fátæk lönd eins og Bangladess og Indónesía voru þó enn í sama horfinu, þau fluttu bæði út og inn í landið efni auk þess sem að verkafólk fluttist þangað fyrir vinnu í fataframleiðslu. Afkastalítil framleiðsla þjónaði aðeins innlendum fatamarkaði og þar sem kvóti takmarkaði framleiðslu var ekki mikið um störf fyrir atvinnulausa. Meðan á þessu stóð neyddust bændur til að rækta léleg landsvæði eða gera hvað sem í þeirra valdi stóð til þess að afla sér lífsviðurværis þó svo að það þýddi að leita að mat og gera sér heimili á ruslahaugum. Á þeim tíma þótti útflutningsiðnaðurinn ekki samkeppnishæfur þó verkafólkið væri lágt launað (Krugman, 1997). Allt í einu án nokkurs fyrirvara breyttist ástandið og lág laun gerðu þriðja heims löndum kleift að taka þátt í heimsmarkaði. Alls staðar þar sem útflutningsiðnaður kemst á og dafnar virðist líf fólksins verða ögn skárra. Auk þess veldur hagnaður, af framleiðslu og öðrum störfum sem verða til með útflutningsiðnaði, ákveðnum bylguáhrifum. Nauðsyn til að rækta landið verður minni þannig að dreifbýlislaun hækka, atvinnuleysi minnkar í þéttbýli þannig að verksmiðjur fara að keppa hver við aðra og þá hækka launin. Þar sem framleiðsluferlið hefur staðið yfir í nokkurn tíma líkt og í Suður-Kóreu eða Taívan eru launin orðin svipuð launum unglunga í vinnu á McDonald's-skyndibitastöðum í Bandaríkjunum (Krugman, 1997).

Niðurstöður kaflans eru því að ekki eru allir á því að utanaðkomandi afskipti af fataiðnaðinum í Asíu séu af hinu góða. Ýmsir hagfræðingar telja þá aðstoð sem hjálparsamtök veita óþarfa af þeim sökum að öll störf séu af hinu góða fyrir þá sem

enga vinnu hafa, ásamt því að öll aðstoð sé slæm fyrir markaðinn því hann virki best án utanaðkomandi tilrauna til leiðréttingar. Aðrir sem eru á móti utanaðkomandi afskiptum óttast um starfsöryggi og lífsafkomu verkafólks í fataverksmiðjum. Alþjóðleg fyrirtæki eru fljót að færa verksmiðjur sínar annað ef þeim mislíkar aðstæður í því landi sem þau velja fyrir iðnað sinn. Einnig telja þessir andstæðingar afskipta að nauðsynlegt sé að horfa til sögu vanþróaðra landa líkt og Bangladess út frá störfum í fataverksmiðjum. Með þeim störfum hefur líf þegnanna breyst frá því að eiga ekkert í að eiga eitthvað smá.

7. Lokaorð og umræður

Vinnuástandur verkafólks í fataiðnaði í Asíu eru slæmar á mælikvarða okkar Vesturlandabúa. Alþjóðleg fyrirtæki misnota verkafólkið því þau græða mikið á sölu þeirra vara sem það framleiðir. Framleiðsla á fötum fluttist á sínum tíma frá Ameríku og Evrópu þegar hún var orðin það dýr að hagnaður dróst verulega saman. Framleiðslufyrirtækin fóru þá að leita að nýjum leiðum til að draga úr kostnaði og auka þannig gróða. Þetta gerðu þau með því að færa verksmiðjur sínar til fátækustu landa Asíu þar sem hægt var og enn er mögulegt að borga verkafólkinu sem starfar við framleiðslu lægri laun en annars staðar í heiminum. Með því skáru fyrirtækin niður kostnað í þeim hluta vöruheðjunnar þar sem vinnan er hvað erfiðust, það er í sjálfri framleiðslunni. Vöruheðja er það ferli frá því að varan er búin til þangað til hún er keypt af neytanda úr verslun og er framleiðslan aðeins einn af mörgum liðum ferlisins þar sem fólk fær borgað fyrir vinnu sína. Meirihluti þeirra sem starfa í framleiðslu í fataiðnaði eru ungar og ógiftar konur. Þær þykja ákjósanlegur vinnukraftur þar sem þær krefjast ekki hárra launa, sameinast ekki í verkalýðsfélögum og sjaldgæft er að þær eigi börn eða eiginmann til að sjá um vegna aldurs. Vegna þess hve hagkvæmt er að staðsetja fataframleiðslu sína í Asíu eru lönd heimsálfunnar helstu útflutningslönd fatnaðar á jörðinni.

Þar til nýlega töldu alþjóðlegu fyrirtækin sig ekki bera ábyrgð á framleiðendum verksmiðja sinna eða þar til neytendahreyfingar fóru að myndast og berjast fyrir bættum vinnuskilyrðum innan fataverksmiðja. Með baráttuáðferðum sínum komust þessar hreyfingar í fjölmiðla og uppljóstruðu því sem gerðist innan fataverksmiðjanna. Með aukinni fjölmiðlaumfjöllun áttu fyrirtæki á hættu að fá á sig slæmt orð og af þeim sökum sættust þau á að sýna fram á samfélagslega ábyrgð og notast við svokallaðar siðareglur. Þessar reglur voru byggðar á fjórum helstu vinnuviðmiðum Alþjóðlegu vinnuálastofnunarinnar: frelsi til að mynda samtök og réttindi til kjarasamninga, útrýmingar á nauðungarvinnu, afnám barnaþrælkunar og afnám misréttis við ráðningar. Aftur á móti standa fyrirtækin sjaldnast við loforð sín um að framfylgja þessum reglum þar sem þau loforð eru gerð til að bæta ímynd þeirra út á við á þeim tíma sem þess er þörf. Þess vegna er notast við úttektarkerfi til þess að gera athugun á hvort farið sé eftir reglunum. Gallinn er sá að oftast standa fyrirtækin sjálf fyrir úttektinni eða ráða sjálf utanaðkomandi aðila til þess og hafa því mikil áhrif

á niðurstöðuna. Þrátt fyrir að þessar reglur og úttektir á þeim virki ekki einar og sér þá virðast þær virka vel til samanburðar og viðmiðunar

Clean Clothes Campaign og Asian Floor Wage eru tvönn konar samtök sem berjast fyrir bættu vinnuumhverfi og réttindum fataframleiðenda í fátækari löndum Asíu. Aðferðir samtakanna eru mismunandi en eiga það sameiginlegt að berjast fyrst og fremst fyrir því að virkja verkafólkið í eigin baráttu. Til þess þarf fólkið að geta gengið í verkalýðsfélög. Aðferðir CCC til að aðstoða þau til þess eru þríþættar: Gera fyrirtæki ábyrg, sinna mikilvægum einstökum málefnum sem þau fá sendar tilkynningar um og standa fyrir herferðum til að auka meðvitund neytenda og fyrirtækja. CCC notast við endurbætta útgáfu af siðareglunum en þeim reglum er hægt að beita í hvaða fyrirtæki sem er og aðlaga að mismunandi kröfum samfélaga. Samtökin leysa mikilvæg málefni verkafólks, sem oftast eru brot á réttindum þeirra að stofna verkalýðsfélög. CCC nýtir sér herferðir til að gera fyrirtæki ábyrg með aðgerðum eins og heimsóknnum í verksmiðjur. CCC eru alþjóðleg samtök sem koma að baráttunni gegn misnotkun fataframleiðenda alls staðar í heiminum. Asian Floor Wage eru ekki eins alþjóðleg samtök og CCC heldur einbeita sér aðeins að verkafólki fataiðnaðarins í Asíu. Baráttuáherslur þeirra snúast um að verkafólkið fái laun fyrir vinnu sína sem duga fyrir lífsviðurværi, laun sem duga fyrir öllum lífnauðsynjum verkafólksins og fjölskyldu þeirra.

Bæði misnotkun fyrirtækjanna og aðferðir samtaka til þess að stoppa hana eru hnattræn ferli. Hið staðbundna (samfélög) hefur áhrif á hnattræn ferli og öfugt. Fyrirtæki frá einum stað jarðar færir verksmiðju sína til Asíu til þess að nýta sér lágar launavæntingar íbúa þess samfélags. Þannig verður línan milli þess staðbundna og hnattræna óljós. Oftar en ekki flytur fólk, aðallega konur, frá dreifbýli til þéttbýlis til þess að fá vinnu í slíkum verksmiðjum og tekur um leið þátt í hnattrænu ferli fólksflutninga. Hjálparsamtök sjá alþjóðleg fyrirtæki og misnotkun þeirra sem hnattrænt vandamál þar sem þeirra aðstoðar er þörf. Það eru hinsvegar ekki allir með sömu skoðun heldur telja sumir þessa hnattvæðingu vera lausn á öðru vandamáli, fátækt og atvinnuleysi. Hagfræðingar eru þar fremstir í flokki, þeir trú á mátt markaðarins til þess að skapa störf og eru á þeirri skoðun að siðareglur ógni í raun störfum vegna þess að fyrirtækin kæra sig ekki um að verja fé í að gæta velferðar framleiðenda sinna. Hagfræðingar eru þó ekki þeir einu sem telja að verksmiðjurnar skapi starfstækifæri. Þeir íbúar sem eru illa staddir í fátæku samfélagi með fáa

valkosti telja fataverksmiðjurnar lausn á fjárhagslegum vanda þeirra til að sjá um fjölskyldur sínar.

Það er engin ein góð lausn á þessu vandamáli hvort sem það teljist hnattrænt eða ekki. Eins og fram hefur komið eru það margir samverkandi þættir sem þurfa að spila saman svo að vinnuskilyrðin ásamt launum fólksins batni. Mér þykir málf lutningur þeirra fræðimanna sem segja að framleiðsluverksmiðjur Asíu séu nauðsynlegar til vinnusköpunar sannfærandi. Einnig skil ég það sjónarmið, að þrátt fyrir að vinnan sé að mörgu leyti slæm sé hún engu að síður skárri en aðrir valkostir. Ég er aftur á móti ekki sammála því að það eigi að sleppa siðareglum á þeim forsendum að að þær kunni að leiða til þess að fyrirtækin færi framleiðslu sína annað. Mín tillaga er að baráttuhreyfingar og samtök berjast á jákvæðan hátt fyrir því að gera fyrirtækin samfélagslega ábyrg og komi með lausnir sem höfða til fyrirtækjanna, í stað þess að hræða og beita þau utankomandi þrýsting. Einnig tel ég það nauðsynlegt að Alþjóðlega vinnumálastofnunin verði virkari í að framfylgja vinnuviðmiðum sínum og verði þátttakandi frekar en áhorfandi í baráttunni fyrir auknum réttindum verkafólks í fataðnaðinum. Hins vegar eru verkafólk í fataiðnaði sterkasta vörnin í baráttunni um vinnuréttindi þeirra. Baráttan er nánast unnin með því einu að gefa þeim rödd og fá þá til þess að taka þátt í henni en án þeirra skilar hún litlum sem engum árangri. Það er því nauðsynlegt að vinna með þeim en ekki að reyna að bjarga þeim. Ég held að með fjölda samtaka og þeim fjölbreytilegu aðferðum sem þau notast við til að reyna gera vinnu í fataframleiðsluðnaðinum bærilegri, verði það með tíð og tíma mikilvægara fyrir fyrirtæki, sem og neytendur, að farið sé vel með þá sem framleiða fötin heldur en að fötin séu mjög ódýr. Ég vona aftur á móti að það gerist frekar fyrr heldur en seinna verkafólksins vegna.

Heimildaskrá

- Ahmed, F. E. (2004). The rise of the Bangladesh garment industry: Globalization, women workers and voice [rafræn útgáfa]. *NWSA Journal*, 16(2), 34-45.
- Appelbaum, R. P., Bonacich, E., Ebenshade, J. og Quan, K. (2000, ágúst). *Fighting sweatshops: Problems of enforcing global labor standards*. Flutt á árlegum fundi American Sociological Association. Sótt 02.11.2011 af <http://escholarship.org/uc/item/4302p24q;jsessionid=FA1BEBAD67A9B55511D95A4164B65E68#page-1>
- Beck, U. (2002). *What is globalization?* P. Camiller (Þýðandi). Sótt 20.10.2011 af <http://hebra.haifa.ac.il/~soc/lecturers/smooaha/files/1792.pdf>
- Begum, F., Ali, R. N., Hossain, M. A. og Shahid, S. B. (2010). Harassment of women garment workers in Bangladesh [rafræn útgáfa]. *Journal of the bangladeshi agricultural university*, 8(2), 291–296.
- Bhattacharjee, A. og Merk, J. (2011, mars). Route map to an Asia floor wage: 10 steps brands and retailers can take toward implementing a minimum living wage. Sótt 10.10.2011 af http://www.asiafloorwage.org/documents/Route%20map%20to%20the%20AFW_March%201%202011.pdf
- Calvin, S. og Joseph, B. (2006). Occupation related accidents in selected garment industries in Bangalore city [rafræn útgáfa]. *Indian Journal of Community Medicine*, 31(3), 150-152.
- Chan, A. og Senser, R. A. (1997). China's troubled workers [rafræn útgáfa]. *Foreign Affairs*, 76(2), 104-117.
- Chan, A og Wang, H. (2004/2005). The impact of the state on worker's conditions: Comparing taiwanese factories in China and Vietnam [rafræn útgáfa]. *Pacific affairs*, 77(4), 629-646.
- Clean Clothes Campaign. (2005). *Looking for a quick fix: how weak social auditing is keeping workers in sweatshops*. Sótt 12.09.2011 af http://www.eu-china.net/web/cms/upload/pdf/materialien/ccc_2005_quick_fix_08-04-29.pdf
- Clean Clothes Campaign. (2008, maí). *The structural crisis of labour flexibility: strategies and prospects for transnational labour organising in the garment and*

sportswear industries. Sótt 08.10.2011 af
<http://digitalcommons.ilr.cornell.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1416&context=globaldocs>

- Connor, T. (2004). Time to scale up cooperation? Trade unions, NGOs, and the international anti-sweatshop movement [rafræn útgáfa]. *Development in practice*, 14(2), 61-70.
- Diamond, S. F. (2003). The „Race to the bottom“ returns: China’s challenge to the international labour movement [rafræn útgáfa]. *Cornell law faculty working paper*, 10(1), 1-32.
- Dicken, P. (2007). *Global shift : mapping the changing contours of the world economy* (5. útgáfa). London: Sage
- Dixon, C. og Drakakis-Smith, D. (1993). The Pacific Asia region. Í C. Dixon og D. Drakakis-Smith (ritstjórar) *Economic and Social development in Pacific Asia* (bls. 1-21). London: Routledge
- Friedman, M. (1970, 13. september). The social responsibility of business is to increase its profits. *The New York Times magazine*. Sótt 20.11.2011 af <http://www.umich.edu/~thecore/doc/Friedman.pdf>
- Gereffi, G. (2002). The international competitiveness of asian economies in the apparel commodity chain [rafræn útgáfa]. *ERD working paper series*, 5, 1-45.
- Gills, D. S. (2002). Globalization of production and women in Asia [rafræn útgáfa]. *Annals of the American Academy of Political and Social science*, 581, 106-120.
- Graeber, D. (2006). Turning modes of production inside out: Or, why capitalism is a transformation of slavery [rafræn útgáfa]. *Critique of Anthropology*, 26, 61-85.
- Harney, A. (2008). *The China price: the true cost of chinese competitive advantage*. New York: The penguin press.
- Haugerud, A. (2003). The disappearing local: rethinking global-local connections. Í A. Mirsepassi, A. Basu og F. Weaver (ritstjórar) *Localizing knowledge in a globalizing world: recasting the area studies debate* (bls. 60-81). New York: Syracuse university press.

- Haviland, W. A., Prins, H. E. L., Walrath, D. og McBride, B. (2008). *Cultural Anthropology: The human challenge* (12. útgáfa) [rafræn útgáfa]. Belmont: Thomson Wadsworth.
- Hiscox, M. J. og Smyth, N. F. B. (2006). *Is there consumer demand for improved labour standards? Evidence from field experiments in social labeling*. Sótt 10.10.2011 af <http://dev.wcfia.harvard.edu/sites/default/files/HiscoxSmythND.pdf>
- ILO. (2009). *Rules of the game: A brief introduction to international labour standards* (2. útgáfa) [rafræn útgáfa]. Sviss: International Labour Organization.
- Jamaly, R. og Wickramanayaka, E. (1996). Woman workers in the garment industry in Dhaka, Bangladesh [rafræn útgáfa]. *Development in practice*, 6 (2), 156-161.
- Kabeer, N. (1997). Women, wages and intra-household power relations in urban Bangladesh. *Development and Change*, 28, 261-302.
- Kabeer, N. (2000). *The power to choose: bangladeshi women and labour market decisions in London and Dhaka*. London: Verso.
- Keohane, R. O. og Nye, J. S. (2000). Globalisation: What's new? What's not? (and so what?). *Foreign policy*, 118, 104-119.
- Kristín Loftsdóttir. (2004). This time it's different: Globalization, power and mobility. Í Valur Ingimundarson, Kristín Loftsdóttir og Irma Erlingsdóttir (ritstjórar) *Topographies of globalization* (bls. 149-162). Reykjavík: University of Iceland.
- Kristof, N. D. (2009, 15. janúar). Where sweatshops are a dream. *The New York Times*. Sótt 16.10.2011 af http://relooney.fatcow.com/0_New_4208.pdf
- Kristof, N. D. og WuDunn, S. (2000, 24. september). Two cheers for sweatshops. *The New York Times*, Sótt 16.10.2011 af http://www.northsideprep.org/ncphs/depts/social_science/asearcy/World%20Studies/unit6/Stations/Two%20Cheers%20for%20Sweatshops%20-%20The%20New%20York%20Times.pdf
- Krugman, P. (1997). *In praise of cheap labor: Bad jobs at bad wages are better than no jobs at all*. Sótt 12.09.2011 af http://www.webssa.net/files/slate_-_dismal_scientist_-_march_20__1997.pdf

- Lerche, J. (2007). A global alliance against forced labour? Unfree labour, neo-liberal globalization and the International Labour Organization [rafræn útgáfa]. *Journal of agrarína change*, 7(4), 425-452.
- Locke, R., Kochan, T., Romis, M. og Qin, F. (2007). Beyond corporate codes of conduct: work organization and labour standards at Nike's suppliers [rafræn útgáfa]. *International labour review*, 146 (1-2), 21-40.
- Manik, J. A. og Bajaj, V. (2010, 14. desember). Bangladesh factory fire kills at least 20. *New York Times*. Sótt 10.09.2011 af:
<http://www.nytimes.com/2010/12/15/world/asia/15bangladesh.html?ref=minimum-wage>
- McMichael, P. (2008). *Development and social change: A global perspective* (4.útgáfa). Kalifornía: Pine forge press.
- Meyers, C. (2004). Wrongful beneficence: exploitation and third world sweatshops [rafræn útgáfa]. *Journal of social Philosophy*, 35(2), 319-333.
- Miller, J. A. (2004). Teaching about sweatshops and globalization. *Review of radical political Economics*, 36(1), 321-327.
- Miller, J. A. (2009). Leaving the sphere of exchange with David Houston, Karl Marx, and even Adam Smith: Insight into the debate about sweatshops [rafræn útgáfa]. *Review of radical political Economics*, 41(3), 358-364.
- Morris, M. og Barnes, J. (2008). Globalization, the changed global dynamics of the clothing and textile value chains and the impact on sub-Saharan Africa [rafræn útgáfa]. *Working paper*, 10, 1-48.
- Mottaleb, K. A. og Sonobe, T. (2011). An inquiry into the rapid growth of the garment industry in Bangladesh [rafræn útgáfa]. *GRIPS Discussion Paper*, 1-23.
- Pearson, R. og Seyfang, G. (2001). New hope or false dawn? Voluntary codes of conduct, labour regulation, and social policy in a globalizing world [rafræn útgáfa]. *Global social policy*, 1(1), 49-78.
- Ramasamy, K. V. og Gereffi, G. (1998). India's apparel sector in the global economy: Catching up or falling behind [rafræn útgáfa]. *Economic and political weekly*, 33(3), 122-130.

- Ruwanpura, K. N. (2011). Women workers in the apparel sector: A three decade (r)-evolution of feminist contributions? *Progressing development studies*, 11(3), 197-209.
- Seabrook, J. (1998). A global market for all [rafræn útgáfa]. *New statesman*, 11, 25-27.
- Siddiqui, D. M. (2009). Do bangladeshi factory workers need saving? Sisterhood in the post-sweatshop era [rafræn útgáfa]. *Feminist review*, 91, 154-174.
- Skoggard, I. (1998). Transnational commodity flows and global phenomenon of the brand. Í A. Brydon og S. Niessen (ritstjórar) *Consuming fashion: Adorning the transnational body* (bls. 57-70). New York: Berg.
- Spath, S. (2002). The virtues of sweatshops [rafræn útgáfa]. *The Freeman: Ideas on liberty*, 52(3), 27-29.
- Stiglitz, J. E. (2002). *Globalization and its discontents*. London: Penguin books
- Sturgeon, T. J. (2008). From commodity chains to value chains: interdisciplinary theory building in an age of globalization [rafræn útgáfa]. *Industry studies association working paper series*, 84(2), 1-35.
- Wahra, G.N og Ferdausur, R. (1995). A right to live: girl workers in the bangladeshi garment industry [rafræn útgáfa]. *Gender and Development*, 3(2), 54-59.
- Whalley, J. (2006). The post MFA performance of developing Asia [rafræn útgáfa]. *NBER working paper*. (12178), 1-46.
- Wilk, R. R. og Cligget, L. C. (2007). *Economies and cultures: Foundations of economic Anthropology* (2. Útgáfa). Colorado: Westview press
- Zhang, Q. og Hathcote, J. M. (2008). Factors influencing apparel imports from China [rafræn útgáfa]. *Clothing and textile research journal*, 26, 23-40.